



# FRÆKORNIÐ


FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

## ALASKAÖSP Á ÍSLANDI

Ræktun alaskaaspar (*Populus trichocarpa*) hófst hér á landi árið 1944 þegar fyrstu græðlingar frá Alaska voru sendir til landsins. Ræktun þeirra gafst vel frá byrjun en síðan hefur mikið af efnivið borist til landsins. Alaskaöspin er stórvöxnust þeirra aspartegunda sem vaxa a.m.k. í N-Ameríku en útbreiðslusvæði hennar teygir sig meðfram Kyrrahafsströnd Ameríku allt frá Mexíkó í suðri og til Kodiakkeyju í Alaska í norðri og austur inn á meginlandið. Elstu alaskaaspir sem vitað er um hafa náð 200 ára aldri.

Alaskaöspin vex ágætlega víðast hvar um land. Hún er nokkuð vindpólin en á sumrin þegar hún er í fullu laufskruði er algengt að toppar brotni og stór laufblöð tæstist af trjáum ef vindhraði fer yfir 7 vindstig. Saltveður þolir hún þokkalega og þrífst ágætlega þrátt fyrir mengun frá umferð.

Alaskaöspin vex best í frjósömum ríkulegum jarðvegi og sérstaklega þar sem hún nær í vatn á hreyfingu við ár og lækjarfarvegi eða í brekkurótum. Öspin tekur ákaflega vel við áburðargjöf auk þess sem hægt er að bæta henni upp mögur jarðvegsskilyrði með miklum búfjáraburði.




*Hæsta öspin á Íslandi, 20,36 m, við hlið Akureyrarkirkju og 70 m há ösp eins og hún getur orðið í heimkynnum sínum.*

Alaskaöspin hefur hingað til verið laus við óværu, s.s. lýs, fiðrildalirfur eða sveppi, sem herja gjarnan á trjátegundir og er það stór kostur.

Alaskaöspin er hraðvaxnasta trjátegundin hér á landi en auk þess er mikil fjölbreytni í því erfðaefni sem völ er á. Þetta gefur tækifæri til þess að velja ákveðnar arfgerðir með þeim mismunandi tilgangi sem hafður er í huga, t.d. er töluverður munur á vaxtarlagi, s.s. greinasetningu, vaxtarhraða, útliti blaða, vindþoli, þoli gegn vor- og haustkali, o.s.frv.

Alaskaöspin er gædd þeirri náttúru að á vorin leggur sterkan balsamilm frá henni. Stafar hann frá trjákvöðu sem verður til í brumum asparinnar. Á síðustu árum fer þessa ljúfu angan að bera fyrir á vorin þegar öspin er að taka við sér af vetrardvala og er víða eitt af vorteiknum ásamt lóunni.



*Tilvalið er að klippa greinar af aspartjám viku fyrir páska eða sumardaginn fyrsta og stinga í vasa með vatni. Angar þá líbúðin af sætum illmi sem mörgum finnst gefa hátíðarblæ.*

### **Álitlegir klónar víða um land**

Alaskaöspin á áreiðanlega eftir að gegna veigamiklu hlutverki í framtíðinni, ekki síst sem skjólgjafi í þéttbyli, skjólbeltarækt eða skógrækt. Til að varpa ljósi á hentuga klóna og kvæmi er stuðst við samunburðarrannsóknir á asparklönnum sem hófust á vegum Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá fyrir 5 árum. Hér er í stórum dráttum bent á nokkra vænlega klóna eins og kemur fram á myndinni.


# Álitlegir klónar víða um land

**Suðurland, Vesturland og sunnanverðir Austfirðir**

**Norður- og Norðausturland**

| Klónn*                       | Kvæmi**                    |
|------------------------------|----------------------------|
| Pinni                        | Cordova Flats (C -9)       |
| Haukur                       | Copper River Delta (C-1 0) |
| Keisari                      | "                          |
| Brekkan                      | "                          |
| Salka (=Jóra) Yakutat (C-14) |                            |
| Súla                         |                            |

|          |                |
|----------|----------------|
| Halla    | Kenai          |
| Laugarás | "              |
| Randi    | "              |
| Stilka   | "              |
| C-6      | Susitna        |
| Múli     | Cooper Landing |



**Suðurströndin**  
(hætt við haustkali annars staðar)

|        |  |
|--------|--|
| Iðunn  | Copper River Delta (C-1 0)                               |
| Perlan | Tumastaðir (afkvæmi Laufeyjar (C-1 0) og óþekktis föður) |

## Eftirtaldir klónar eru auðræktaðir víða um land:

|       |                    |        |                |
|-------|--------------------|--------|----------------|
| Pinni | Cordova Flats(C-9) | Múli   | Cooper Landing |
| Karl  | "                  | Sæland | etv. Kenai     |
| Linda | "                  | Halla  | Kenai          |

\* Átt er við einstaklinga sem fjölgað er á kynlausan hátt, t.d. græðlinga. Erfðafræðilega er klóninn (plantan eða tréð) sem vex á þennan hátt nákvæmlega eins og móðurplantan.

\*\* Upprunastaður trjáa þar sem aðlögun þeirra á viðkomandi svæði hefur mótast af ýmsum umhverfisþáttum.


Alaskaösp getur verið fallett og tignarlegt garðtré þar sem hún fær nægilegt svigrúm og að sama skapi hentar hún kannski síst í minni garða.

Það hefur hinsvegar borið á því að garðeigendur greini á um útsýni þegar stórar aspir skyggja á sól og birtu. Á það skal bent áður en menn fara að fella stórar aspir í stórum stíl að hægt er að fara milli leið. Hér er átt við stýfingu en fyrir slíku er löng hefð í mörgum Evrópulöndum (pollarding). Með þessum hætti geta menn notið sólar og jafnframt skjóls af trjánum en það er náttúrliga eitt mikilvægasta atriðið í allri garðrækt hér á landi. Sögun á stofni ætti helst að framkvæma seinni part vetrar. Hægt er að halda öspinni niðri á þennan hátt eins lengi og menn óska.



2-3 árum eftir stýfingu.

Sagt er að rôtarkerfi alaskaaspar geti skemmt holræsi. Slíkt er frekar mælikvarði á gamlar og ónýtar lagnir en nokkuð annað. Plastefnin hafa síðan rutt sér til rúms þannig að hættan er fyrst og fremst þar sem notuð eru steinsteypt rör. Ástæðulaust er hinsvegar að bjóða hættunni heim og ekki ráðlegt að gróðursetja aspir í nágrenni við holræsi.



Rétt staðsetning á alaskaösp..

Verið velkomin í

Kirkjusandi. Sími 560-8900, 800-4-800.

VÍB

Höfundar: Brynjólfur Jónsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon.  
Umsjón: Prenthönnun ehf. Prentun: Prentsmíðjan Viðey ehf.